Samfylkingin

Kópavogi, 11. nóvember 2026

Fyrirspurn um kaup á spjaldtölvum fyrir menntasvið

Óskað er svara við eftirfarandi:

- Hversu miklum fjármunum hefur Kópavogsbær varið til kaupa á spjaldtölvum fyrir menntasvið frá árinu 2014? Óskað er eftir að fjárhæðir verði sundurliðaðar eftir árum og framreiknaðar til fasts verðlags ársins 2026 miðað við vísitölu neysluverðs. Ef sundurliðun er ekki möguleg er óskað eftir að fjárhæðir séu áætlaðar með rökstuddum hætti.
- Ef unnt er, hvernig skiptast fjárhæðirnar á milli spjaldtölva fyrir grunnskóla og annarra deilda menntasviðs, og hversu mörg tæki voru keypt ár hvert?
- Hafa spjaldtölvukaup verið boðin út? Ef svo er, hvenær og með hvaða niðurstöðu? Ef ekki, á hvaða grundvelli hafa innkaupin farið fram?
- Er í gildi rammasamningur um kaup á spjaldtölvum? Ef svo er, við hvern, frá hvaða ári er hann og hver er gildistími hans?
- Á hvaða kjörum kaupir Kópavogsbær spjaldtölvur í dag, svo sem hvað varðar einingarverð (sundurliðað eftir vörum), afslætti, ábyrgð og þjónustu?

Greinargerð:

Í tillögu að fjárhagsáætlun 2027 eru 89,4 m.kr. ætlaðar til kaupa á tölvum og tölvubúnaði í deildinni Átak í breyttum kennsluháttum. Samkvæmt skýringum við kynningu fjárhagsáætlunar í bæjarráði er fjárveitingin ætluð til endurnýjunar spjaldtölva í grunnskólum bæjarins.

Spjaldtölvuvæðing grunnskóla Kópavogs hefur staðið yfir um árabil. Mikilvægt er að heildarmynd liggi fyrir af kostnaði við hana og af því hvernig staðið hefur verið að innkaupum, meðal annars í ljósi umræðu um notkun snjalltækja í skólastarfi og vinnu við áætlun um notkun snjalltækja sem menntaráð samþykkti 18. ágúst 2026.

Óskað er eftir skriflegu svari fyrir næsta fund bæjarráðs.

Jónas Már Torfason
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026